



## Fundargerð 1. fundar stjórnar AKÍS 2026-2027

**Staður og tími:** Zoom 24. mars 2026 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Ólafur Hallgrímsson (ÓH), Jón Þór Jónsson (JÞJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Linda Karlsdóttir (LK)

**Mættir varamenn:** Hrefna Björnsdóttir (HB), Hilmar Jacobsen (HJ)

**Fjarverandi:** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

HKS/BH ritaði fundargerð

### Dagskrá

#### 1. Stjórnarskipan

Formaður leggur til að Baldvin Hansson haldi áfram sem vara formaður, Linda Karlsdóttir haldi áfram sem gjaldkeri og Ólafur Hallgrímsson taki stöðu ritara. Stjórn samþykkir tillögu formanns að stjórnarskipan.

#### 2. Hönnun á nýju logo

Stjórnin hefur verið að skoða endurmörkun á merki og ásýnd sambandsins á vefmiðlum og í prentuðu efni. Formanni veitt heimild til að nálgast hönnuð með það í huga að fá tillögur án fjárhagslegra skuldbindinga sem stjórn getur notað sem forsendu til að fara lengra með málið eða ekki.

#### 3. Skyndihjálparnámskeið - fyrirspurn

Stjórn tók fyrir erindi frá AÍH og BÍKR þar sem leitast var eftir styrk til að halda skyndihjálparnámskeið. Erindinu er hafnað þar sem AKÍS mun ekki veita styrki til aðildarfélaga á þessu fjárhagsári.

#### 4. Skipan í Regluráð AKÍS

Samkvæmt lögum og reglugerð sambandsins um Regluráð ber stjórn að skipa í sæti sem þar losna. Í ár lýkur skipunartíma Ingimundar Helgasonar. Stjórn hefur leitað til Ingimundar og falast eftir starfskröftum hans áfram sem hann samþykkti. Stjórn skipar því Ingimund Helgason í Regluráð AKÍS.

#### 5. Námskeið



Farið yfir stöðuna á námskeiðahaldi sambandsins.

## 6. Öryggisráð

Þar sem komið er að endurskipun í Öryggisráð var Ara falið að undirbúa lista fyrir stjórn af einstaklingum sem gætu verið góður kjarni að Öryggisráðinu næsta árið.

## 7. Gjaldskrá AKÍS

Ný gjaldskrá tók gildi 14. mars síðastliðinn. Hún er aðgengileg á vef sambandsins.

## 8. Motorsport in Box - frestað

## 9. Önnur mál

**Erindi frá framkvæmdarnefnd vegna Hermikappaksturs:** Óskað var eftir breytingu á keppnisdagatali. Hermikappaksturskeppni sem var á dagskrá samkvæmt keppnisdagatali 15. janúar síðastliðinn var ekki haldin á þeim tíma. Óskað er eftir að halda keppnina 9. apríl. Engar skýringar fylgdu. Stjórn telur ekki forsendur til að verða við beiðninni. Keppnin var ekki haldin, henni var ekki frestað og engin ummerki finnast um formlegt keppnishald.

### Fundur vegna mögulegs samstarfs

Starfsmaður ásamt formanni sat fund með aðila í markaðsmálum varðandi mögulegt samstarf.

### Til kynningar:

- Aðalfundur Stimpils Akstursíþróttafélag er 28. mars í Garði á Reykjanesi kl. 18:30
- Auka aðalfundur AÍH er 29. mars kl. 13:00
- Fundur með formönnum aðildarféлага er 26. mars á Zoom
- Verklegi hluti námskeiðsins fyrir keppnisstjóra og dómnefnd er þriðjudaginn 31. mars á höfuðborgarsvæðinu.
- Verklegi hluti öryggisfulltrúa námskeið verður haldin mánudaginn 13. apríl á höfuðborgarsvæðinu
- Keppenda Námskeið AKÍS verður haldið þriðjudaginn 14. apríl á höfuðborgarsvæðinu
- Öll námskeiðin verða haldin á Akureyri helgina 10. - 12. apríl.
- Hægt er að sækja um í tvo styrktarsjóði hjá FIA. Umsóknarfresturinn rennur út 16. og 30. apríl.

### Frá starfsmanni:

- Búið er að opna fyrir skráningu fyrir öryggisfulltrúanámskeið



- Afrekssjóður hefur verið að kalla á fundi með sérsamböndum vegna reglugerðarbreytingar og viðmið styrkja. Starfsmaður hefur verið að sitja þessa fundi. Tveir fundir eru bókaðir miðvikudaginn 25. mars.
  - Starfsmaður á fund með FIA vegna umhverfismála fimmtudaginn 26. mars.
- 

Næsti stjórnarfundur verður 7. apríl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 21:23.